

27. apríl 2020

Spænska veikin á Íslandi 1918

Tölulegar upplýsingar og grunnheimildir

Spænska veikin 1918 sem svo er nefnd er mannskæðasta farsótt 20. aldar í heiminum. Er talið að þar hafi afbrigði af influensu náð að breiðast út um allan heim og reyndist svo skæð að áætlað er að á milli 20 og 50 milljónir manna hafi látið lífið af hennar völdum. Íslendingar fengu eins og aðrar þjóðir að kenna á spænsku veikinni og sýna opinber gögn og rannsóknir að nálægt 500 manns hafi látist af völdum hennar hér á landi. Mannfjöldaskýrslur Hagstofu Íslands miða við töluna 490 en í niðurstöðum gagnagrunnsrannsóknar sem birt var árið 2008 eru 455 taldir dánir af völdum spænsku veikinnar. Árið 1918-19 herjuðu þrjár bylgjur influensufaraldra á Íslandi og er gjarnan litið svo á að spænska veikin hafi verið önnur í þessari röð og svo mannskæð að hún hefur algjöra sérstöðu í sögu farsóttá á 20. öldinni.

Inngangur

Spænska veikin barst til Íslands með þremur skipum erlendis frá og er oft miðað við dagsetninguna 19. október 1918 þegar eitt þeirra lagðist að bryggju í Reykjavík. Þann 29. október greina heimildir frá því að 13 einstaklingar hafi tekið veikina en skömmu síðar, eða 2. nóvember dó fyrsti sjúklingurinn af völdum spænsku veikinnar. Þann 4. nóvember er fullyrt að veikindin hafi skolið á bæinn og breiðst út eins og eldur í sinu með þeim afleiðingum að stór hluti Reykvíkinga lagðist í rúmið. Svo hart kom veikin niður á fólki að megnið af atvinnustarfsemi í bænum lagðist tímabundið af og til merkis um það lá útgáfa blaða niðri dagana 6.-16. nóvember fyrir utan fáeina fregni miða sem dreift var. Talið er að þann 6. nóvember hafi 1/3 Reykvíkinga verið veikur og að þorri fólks á aldrinum 5-50 ára hafi sýkst í bænum. Aðrar áætlanir gefa til kynna að 80-90% fólks á Suðvesturlandi hafi sýkst af völdum veikinnar. Þeir sjúklingar sem skráðir voru af læknum voru rúmlega 7 þúsund en þar sem skýrslugerðin varð illa úti vegna veikinda stórs hluta lækna eru tölur um sýkta ónákvæmar og sömuleiðis skýrslugerð um dánarorsakir. Það ber að hafa í huga þegar framhaldið í þessu yfirliti er skoðað.

Einn af læknum Reykjavíkur sem stóð af sér veikina var Þórður Thoroddsen. Hann ritaði fróðlega og áhrifaríka grein í Læknablaðið 1919 og lýsti áhrifum spænsku veikinnar á þá 1.232 sjúklinga sem hann vitjaði og skráði niður eftir dögum. Vitnað er í helstu niðurstöður hans í þessari samantekt. Meðan spænska veikin geisaði ríkti vetrarkuldi á landinu sem gerði illt verra í viðureign manna við farsóttina. Rúmum



mánuði eftir að veikin barst til landsins, eða 23. nóvember, er áætlað að í Reykjavík einni hafi 258 manns, 116 karlar og 142 konur, verið dái af völdum veikinnar. Veikin barst út á landsbyggðina að hluta, til byggða á Suðurnesjum og undirlendi Suðurlands og sjóleiðis til nokkurra staða á Vestfjörðum. Hún barst ekki lengra landleiðis en í Borgarfjörð og staðnæmdist að talið er vegna sóttvarnaraðgerða á Holtavörðuheidi. Alls dóu utan Reykjavíkur um 230 manns og telja heilbrigðisskýrslur að farsóttin hafi náð til 17 læknishéraða þar sem rúmur helmingur landsmanna bjó en alls skiptist landið í 46 læknishéruð.

Þar sem tölum um dánarorsakir ber ekki fyllilega saman, bæði hvað varðar opinberar tölur og seinni tíma rannsóknir, er hér gerð stuttlega grein fyrir nokkrum ástæðum þessa. Má þar nefna að flokkun dánarmeina var ekki samræmd á milli Heilbrigðisskýrslna 1911-1920, sem Landlæknirinn á Íslandi gaf út 1922, og Mannfjöldaskýrslna 1916-1920 sem Hagstofa Íslands gaf út árið 1928. Skýrslugerð lækna um spænsku veikina gekk úr skorðum, m.a. vegna veikinda í þeirra hópi auk þess sem sjúkdómsgreining og greiningu dánarorsaka skorti samræmingu og stöðluð viðmið. Einnig misfórst að gefa út dánarvottorð fyrir hluta þeirra sem dóu en þau eru undirstaða greininga á dánarorsökum og vísindalegra rannsókna. Þá ber að nefna að með tilkomu nýrra rannsókna sem m.a. styðjast við seinni tíma heimildir, t.d. Íslendingabók, hafa komið fram nýjar upplýsingar sem bæta við þekkingu manna á spænsku veikinni 1918 og útbreiðslu hennar. Hér í þessu yfirliti er leitast við að hagnýta og koma á framfæri helstu opinberu tölulegu upplýsingum um spænsku veikina 1918 að viðbættum tölum sem nýlegri rannsóknir hafa leitt í ljós.

Íslendingar hafa fengið að kenna á ýmsum farsóttum nánast frá því landið byggðist. Hafa þær verið misjafnlega skæðar og sumar þeirra töldust til drepsóttar, sbr. Svarti dauði í upphafi 15. aldar og Stóra-bóla í upphafi 18. aldar. Á 19. öld herjuðu nokkrar farsóttir á landinu sem kostuðu mörg mannlíf og sum árin var barnadauði einstaklega hár. Tölulegar upplýsingar um skráðar farsóttir eru tiltækar í árlegum sundurliðunum frá árinu 1888 en skipuleg skráning dánarorsaka er ekki tiltæk yfir alla landsmenn fyrr en frá og með árinu 1911. Á 19. öld hófst samt skýrslugerð um dánarorsakir að hluta sem tóku til dauða af völdum slysa og vofveiflegum dauðsföllum fyrst og fremst. Til þess að setja spænsku veikina í sambengi við farsóttir á Íslandi almennt er hér einnig tæpt á nokkrum tölulegum upplýsingum sem varða farsóttir áratuginna fram að því að spænska veikin barst til landsins.

Ofangreindar lýsingar tæpa einungis á helstu atburðum sem samtímaheimildir og önnur gögn greina frá en helstu heimildir um spænsku veikina verða tíundaðar aftar í þessu yfirliti sem skiptist aðallega í tvo hluta: (1) Að greina frá helstu staðtölum sem tiltækar eru í opinberum heimildum, auk vísindarannsóknar sem birt var árið 2008, og gera niðurstöður þeirra sem aðgengilegastar með hjálp myndrita; (2) Í viðauka er dregið saman á einn stað umfjöllun Heilbrigðisskýrslna um spænsku veikina 1918 og inflúensufaraldra sem herjuðu á tímabilinu 1888-1960. Er búið að gera þá umfjöllun þannig úr garði að gögnin séu sem aðgengilegust fyrir notendur í nútímanum. Er í upphafi þess hluta gerð nánari grein fyrir því í hvaða atriðum birting þessi vísindarannsóknanna, en tekið skal fram að engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á þeim heimildum. Er kappkostað við að fylgja frumheimildum í öllum efnisatriðum,

nokkrir útreikningar yfirfarnir, og bent á að vikið sé smávægilega frá upprunalegri stafsetningu auk þess sem skammstafanir hafi verið leystar upp til að auðvelda læsileika frumtextans.


Það skal tekið fram að þetta yfirlit er engan veginn tæmandi lýsing á hagtölum sem varða spænsku veikina. Hér er fyrst og fremst leitast við að hagnýta tölulegar upplýsingar til að birta á myndrænu formi ýmislegt um spænsku veikina sem kann að vekja forvitni þegar spurningar vakna um hugsanlegan samanburð á farsóttinni 1918 og þeirri veiru sem kennd er við COVID-19.

Spænska veikin 1918 í ljósi tölulegra gagna um farsóttir og fleira.

Inflúensur á Íslandi


Mynd 1 sýnir fjölda inflúensutilfella á Íslandi 1888-1960 samkvæmt árlegum yfirlitum í Heilbrigðisskýrslum. Þar sést að faraldrar gengu yfir með 2-3 ára millibili. Eins og myndin sýnir herjuðu inflúensufaraldrar á Íslandi árin 1890, 1894 og 1900 og fram til 1918 gengu þeir yfir nokkuð reglulega. Spænska veikin 1918 flokkast ýmist sem inflúensa eða kvefpest í skýrslum. Eftir að spænska veikin var afstaðin kom inflúensa upp nokkuð reglulega á landinu og sýnir mynd 1 þróunina fram til 1960 til að sýna hversu reglubundin og landlæg inflúensan var. Fjölgun inflúensutilfella frá 3. áratug fram til 1960 er að hluta til marks um fjölgun þjóðarinnar en einnig bættist skráningin með bættri heilbrigðisþjónustu og fjölgun fólks í heilbrigðisstéttum landsins.

Mynd 1. Skráð inflúensutilfelli 1888-1960 skv. Heilbrigðisskýrslum landlæknis




Mynd 2 sýnir tölur um dána úr influensu á tímabilinu 1911-1940. Enda þótt influensan drægi fólk til dauða árin fyrir komu spænsku veikinnar var ekki litið á influensu sem drepsótt. Spænska veikin barst til Íslands í október 1918 eins og áður kom fram. Skráð tilfelli í spænsku veikinni eru 7.119 en samtímat sumra lækna benti til þess að miklu fleiri hafi smitast eins og áður er nefnt. Samkvæmt tölum Hagstofunnar dóu 490 af völdum spænsku veikinnar sem nefnd er í Mannfjöldaskýrslum „kvefpest (flensa)“ en aðrar áætlanir um fjölda víkja í reynd ekki verulega frá þeirri niðurstöðu. Verður komið að því síðar í þessu yfirliti.

Mynd 2. Dánir úr influensu 1911-1940




Fróðlegt er að bera saman fjölda dauðsfalla af völdum influensu í hlutfalli af skrásettum tilfellum þeirra (hér kallað „dánarhlutfall“ (case fatality proportion) til aðgreiningar frá lýðfræðihugtakinu „dánartíðni“). Þegar influensutoppar koma fyrir árin 1913, 1916 og 1917 mælist dánarhlutfallið á bilinu 4,4-9,3 af hundraði en til samanburðar mælist dánarhlutfallið af völdum spænsku veikinnar 9,9%. Á þriðja og fjórða áratug 20. aldar hélst dánarhlutfallið lágt þrátt fyrir reglubundna endurkomu farsóttarinnar og töluverðan stíganda í fjölgun farsóttartilfella (sjá mynd 3).

Mynd 3. Dánir úr influensu miðað við skráð influensutilfelli 1911-1940. %



Til að setja influensufaraldrá í samhengi við aðrar farsóttir eru nokkrir kostir mögulegir. Hér eru til einföldunar settar fram tölulegar upplýsingar um annan skæðan vágest sem kostaði að jafnaði fleiri mannlíf á ári en influensan en það var lungnabólga. Á tímabilinu 1911-1940 voru lungnabólgu tilfelli á bilinu 300-1.300 á ári. Það sem einkenndi þá sjúklinga sem skráðir voru með lungnabólgu var hátt dánarhlutfall í þeim hópi eða 19,6% að meðaltali (mynd 4).


Mynd 4. Dánir úr lungnabólgu og hlutfall dáianna af skráðum tilfellum 1911-1940



Dánir eftir kyni og aldri


Það er vel þekkt að mismunandi tegundir farsóttá herjuðu ekki með sama hætti á mismunandi aldurshópa fólks. Mynd 5 sýnir dánarorsakir eftir aldurshópum fyrir árin 1916-1920 samantekin. Hvað dánarorsakir snertir voru það yngstu börnin (á aldrinum 0-4 ára) sem dóu hvað flest hlutfallslega af völdum farsóttá. Hjá yngstu börnum ber ekki á því að influensa sé áberandi algeng því samkvæmt skráningu dánarmeina ollu lungnabólga og aðrar farsóttir fleiri dauðsföllum en influensan. Ef litið er til dánarmeina barna á aldrinum 5-19 ára ber mikið á berklum sem dánarorsök en þeir teljast ekki til farsóttá í flokkunarkerfum dánarmeina. Í samantekt Hagstofunnar um dánarmeina eftir aldurshópum 1916-1920 kemur hins vegar í ljós hátt hlutfall influensu í aldurshópnum 20-49 ára en er verulega lægra hjá fólki eldra en 50 ára.

Mynd 5. Dánarorsakir eftir aldursflokkum 1916-1920. Hlutfallsleg skipting, %




Til að sjá áhrif spænsku veikinnar á aldurshópinn 20-49 ára sérstaklega er í þessu yfirliti leitast við að nálgast þær upplýsingar með beinum og óbeinum aðferðum. Fyrst er það gert með því að skoða tiltæk gögn um aldursskiptingu dáninna 1918 í samanburði við árin fyrir og eftir. Mynd 6 er hér sýnd með því að útbúa meðaltal áranna 1917 og 1919 til að kanna hvernig aldersbundin dánartala ársins 1918 víkur frá þeim. Sýndar eru tölur um öll dauðsföll óháð dánarorsök. Á myndinni sést að árið 1918 hefur mikla sérstöðu sem felst í því að óvenju margir dóu á aldrinum 15-64 ára auk barna á aldrinum 1-4 ára. Börn dánin á fyrsta aldursári 1918 sýna þó lægri tölu samanborið við árin á undan og eftir. Ekki er hægt að lesa út úr þessu myndriti beinlínis þann fjölda einstaklinga sem dó af völdum spænsku veikinnar. Mannfjöldaskýrslur 1916-1920, sem Hagstofan gaf út sem hagskýrsluhefti, veita ekki fyllilega nægilegar upplýsingar um dánarorsakir eftir aldri nema í samandreginni töflu fyrir öll fimm ár tímabilsins 1916-1920 í heild. Síðar í þessu yfirliti er þó gerð tilraun til þess að nálgast upplýsingar um þann hóp 490 einstaklinga sem Hagstofan tilgreinir í þeirri viðleitni að aldursgreina karla og konur sem dóu í spænsku veikinni.

Mynd 6 . Dánir eftir aldri 1918 miðað við meðaltal 1917 og 1919




Til að draga betur fram fjölda dáninna eftir aldri árið 1918 er mynd 7 sýnd hér fyrir landið í heild. Þær tölur sem þar koma fram eru þær sömu og eru í samanburði árunna 1917-1919 í mynd 6.

Mynd 7. Dánir eftir aldri 1918. Allar dánarorsakir.



Mynd 8 sýnir aldursbundna **dánartíðni** karla og kvenna árið 1918. Það sem myndin dregur skýrt fram er að lítinn munur er að sjá á dánartíðni karla og kvenna á aldrinum 0-19 ára. Á aldursbilinu 20-69 ára er dánartíðni karla yfirleitt hærri en dánartíðni kvenna (30-34 ára og 60-64 ára er munurinn vart marktækur).


Mynd 8. Dánartíðni karla og kvenna 1918. Á hverja 1.000 íbúa í sama aldursflokki



Umræddar Mannfjöldaskýrslur birta tölur um fjölda dáianna eftir aldri í Reykjavík sérstaklega. Íbúar í Reykjavík voru 15.328 árið 1918 eða 16,7% landsmanna. Með þessar upplýsingar um dána í Reykjavík er mögulegt að greina frá fjölda dáianna eftir aldri á landsbyggð við það að reikna mismuninn á milli landsins í heild og Reykjavíkur.


Mynd 9 sýnir fjölda dáianna eftir aldri í Reykjavík og á „landsbyggð“. Varhugavert er að túlka um of þær niðurstöður sem koma fram í myndinni þar sem þær taka ekki tillit til mismunandi aldurssamsetningar íbúanna í Reykjavík og á landsbyggðinni. Til að skoða muninn á Reykjavík og landsbyggðinni árið 1918 var búin til áætlun um árlegan íbúafjölda í Reykjavík eftir aldri og kyni. Er meðal annars stuðst við alders- og kyngreindar upplýsingar í manntölunum 1910 og 1920. Með slíkum útreikningi kemur í ljós að atburðir ársins 1918 höfðu mismunandi áhrif eftir búsetu (sjá mynd 10).

Mynd 9. Dánir í Reykjavík og á landsbyggð eftir aldri 1918




Mynd 10 sýnir aldursbundna dánartíðni í Reykjavík og á landsbyggð árið 1918. Greinilegt er að dánartíðnin í Reykjavík var áberandi hærri á flestum aldursbilum miðað við landsbyggð, sérstaklega á aldursbilinu 30-54 ára þar sem dánartíðnin var nærri helmingi hærri í Reykjavík en utan Reykjavíkur. Athyglisverður er einnig munurinn á aldrinum 60-64 ára og aftur 70-79 ára en aftur á móti lægri yfir áttrett. Ekki er að sjá að kynjamunur sé mikill í þessu tilliti.

Mynd 10. Dánartíðni í Reykjavík og á landsbyggð 1918. Dánir á hverja 1.000 íbúa í sama aldursflokki.



Í seinni tíma rannsókn vísindateymis um spænsku veikina 1918 sem birt var árið 2008 var notast við nýstárlegar heimildir, aðallega úr þremur áttum til að finna þá einstaklinga sem dóu úr spænsku veikinni árið 1918. Var útbúinn gagnagrunnur 452 einstaklinga sem nokkur fullvissa þótti talin um áreiðanleika og voru hagnýttar við úrvinnslu niðurstaðna enda þótt tala 455 dáiðna sé talin hin rétta. Í rannsókn þessari var fylgt lagaskyldum um leyfisveitingu Persónuverndar og niðurstöður því ópersónugreinanlegar. Hér eru eingöngu teknar úr rannsókninni upplýsingar um aldursflokka landsmanna sem dóu úr spænsku veikinni en að öðru leyti vísast til margsháttar fróðlegra upplýsinga í greininni (sjá mynd 11).


Mynd 11: Dánir eftir aldri í spænsku veikinni 1918



Mynd 11 sýnir á greinilegan hátt að margir einstaklingar á aldrinum 20-49 ára dóu úr spænsku veikinni eða samtals 274 af 452 eða 60,6%. Að auki dóu 39 börn á aldrinum 0-4 ára (8,6% af heild). Þessar tölur samkvæmt myndinni eru einstaklega vel til þess fallnar að ná fram skýrri greiningu á dánartíðni 5 ára aldurs hópa en slíkt var ekki gerlegt á grunni eldri gagna.

Í mynd 12 eru birtar niðurstöður um aldursbundna dánartíðni í spænsku veikinni. Tölurnar sýna reiknaðan fjölda dáinna á hverja 1.000 íbúa í hverjum aldurshópi. Þar kemur vel fram – og dregur skýrt fram áhrif spænsku veikinnar – að aldurshópurinn 20-49 ára dó umfram aðra aldurshópa að undanskildum 70 ára og eldri (sem skýrist hér síðar). Aldursbundin dánartíðni á aldursbilinu 20-49 ára var frá 5,8 til 12,1 á hverja þúsund íbúa. Meðaltal allra aldurshópa var til samanburðar 4,9 af þúsundi. Þá kemur skýrt fram í myndritinu há dánartíðni 70 ára og eldri.


Mynd 12. Spænska veikin 1918. Aldursbundin dánartíðni, á hverja 1.000 íbúa.



Niðurstaðan í heild er athyglisverð því aldursbundna dánartíðnin fylgir svokölluðu „W“ mynstri en það kemur heim og saman við ýmsar aðrar rannsóknir í faraldursfræðum víða um heim. Ef finna á skýringar á þessu mynstri þarf einkum að grípa til læknisfræðilegra skýringa sem er utan viðfangs þessa yfirlits. Þó má nefna tvennt sem kann að hafa áhrif á útkomuna og er hér sett fram sem tilgáta: Í fyrsta lagi ber að hafa í huga að dánarorsök þeirra barna sem dóu á aldursbilinu 0-4 ára á meðan spænska veikin herjaði kann í ýmsum tilvikum að vera vandfundin og álitæfnin mörg, m.a. vegna undirliggjandi dánarorsaka. Í öðru lagi má nefna að gjarnan er staldrað við þær tölulegu niðurstöður að fólk 20-49 ára, á vinnufærum aldri, karlar jafnt sem konur, dó í hærra hlutfalli en aðrir aldurshópar fram að 70 ára og eldri (almennt sæta 70 ára og eldri æ hærri dánartíðni). Er viðurkennt í vísindaheiminum að fullnægjandi skýringar skortir á þessu einkenni í aldurskiptingu þeirra sem dóu í þessari tilteknu veiki.

Í myndriti 12 hér á undan kemur skýrt fram hátt dánarhlutfall 70 ára og eldri þrátt fyrir að fjöldatölurnar í myndriti 11 virðast ekki óeðlilega háar. Skýringin á þessu er einkum sú að eðli málsins samkvæmt hækkar dánartíðni með hækkandi aldri eftir að unglingsárum lýkur. Mynd 13 sýnir aldurbundin hlutföll milli þeirra sem dóu úr spænsku veikinni og hinna sem dóu af öðrum orsökum. Þar sést að nálægt 4/5, þ.e. langflestir 70 ára og eldri, dóu af öðrum orsökum en spænsku veikinni. Þetta kann einnig að skýra dánarhlutfall barna á aldrinum upp að fimm ára aldri en fyrr á tímum þegar ungbarnadauði var almennt hár dóu börnin af ýmsum öðrum orsökum, og vísast í meginmál og mynd 9 sem sýnir hærri ungbarnadauði á landsbyggðinni en í Reykjavík.


Mynd 13. Dánir í spænsku veikinni og öðrum dánarorsökum eftir aldri 1918. Hlutföll, %.



Samanburður heimilda

Ef vikið er að spænsku veikinni og aldursskiptingu þeirra sem dóu af hennar völdum ber að hafa í huga að mismunandi heildartölur hafa komið fram um þann fjölda og veltur á því eftir hvaða heimildum er farið. Þar sem heildartalan er ekki sú sama leiðir það augljóslega til þess að fjöldinn í einstökum aldurshópum er heldur ekki sá hinn sami. Þó verður að telja líklegt að samanburður niðurstaðna auki traust á þeim báðum því aðferðafræðin er gjörólík, þ.e. hagskýrslugerð annars vegar og hins vegar þríþætt upplýsingaöflun (m.a. byggð á gögnum úr Íslendingabók) rannsóknarteymis sem birti niðurstöður sínar árið 2008.


Mynd 14. Dánir af völdum spænsku veikinnar (inflúensa/kvefpest) 1918. Samanburður heimilda



Hér ber að nefna fleiri áætlanir um heildarfjölda látinna af völdum spænsku veikinnar. Í Heilbrigðisskýrslum er heildartalan 484 án þess að þeirri tölu sé skipt niður eftir aldri. Í grein Viggós Ásgeirssonar sem birtist í tímaritinu Saga árið 2008 er fjallað meðal annars um áætlaðan fjölda þeirra sem dóu í spænsku veikinni og gerð tilraun til auka nákvæmni í þeirri áætlun. Höfundur telur að spænska veikin hafi herjað á landinu í þremur farsóttarbylgjum á tímabilinu 1918-19 sem samanlagt hafi kostað um 520-540 manns lífið eða 5,7 af hverjum þúsund Íslendingum. Sú bylgja sem mestu mannfalli olli var önnur bylgjan sem gekk yfir frá október til desember 1918. Viggó telur að í þeirri bylgju hafi á milli 450 og 460 manns dáið, en það er sú bylgja sem er samofin spænsku veikinni í minningu þjóðarinnar. Í greininni er m.a. birt myndrit sem sýnir dánarhlutfall í spænsku veikinni eftir aldri í Reykjavík í nóvember 1918. Fjöldi dáiðna sem línuritið byggir á er 257. Að öðru leyti vísast til greinarinnar um margvíslegan fróðleik um spænsku veikina og viðbrögðin í samfélaginu.

Mynd 15 sýnir aldursbundna dánartíðni í spænsku veikinni og er nánari útfærsla á þeim dánartölum sem birtast í Mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar og niðurstaðna áðurnefnds rannsóknarteymis frá 2008. Í myndina hefur verið bætt að auki áætlaðri dánartíðni karla og kvenna. Fyrir í þessu yfirliti (mynd 8) kom fram að dánartíðni karla var hærri en kvenna á aldrinum 20-69 ára (ómarktækt fyrir aldursbilin 30-34 og 60-64 ára). Í mynd 15 er sýndur samanburður eingöngu þeirra sem dóu úr spænsku veikinni. Þar sést að dánartíðni karla var hærri en kvenna á aldrinum 30-59 ára en því var öfugt farið um þá sem eldri voru. Dánartíðni kvenna var hærri en karla á aldrinum 60-79 ára. Hér eru aldursbilin grófari en í mynd 8 því heimildir setja slíkar skorður við samanburð sem þennan.


Mynd 15. Dánartíðni af völdum spænsku veikinnar (inflúensa/kvefpest) 1918. Samanburður heimilda. Dánir á hverja 1.000 íbúa í aldursflokki.



Sú mynd sem var dregin upp af dánartíðni í Reykjavík og á landsbyggð sýnir einingis að hluta þátt dreifðrar byggðar til að draga úr útbreiðslu spænsku veikinnar því varnirnar voru einnig vegna aðgerða mannsins. Hins vegar sýna staðtölur héraðslækna að veikin barst eftir nokkuð þekktum smitleiðum til ákveðinna byggðakjarna á suðvesturhorni landsins, til Borgarfjarðar, um byggðir á Reykjanesi, til Suðurlandsundirlendis og Vestmannaeyja. Auk þess barst veikin með skipum í fáein sjávarpláss á Vestfjörðum. Telja Heilbrigðisskýrslur að veikin hafi borist til 17 læknishéraða af 46.

Dánir eftir læknishéruðum


Mynd 16. Dánir í spænsku veikinni eftir læknishéruðum 1918. Fjöldi einstaklinga



Í myndriti 16 eru sýndar dánartölur fyrir 12 tilgreind læknishéruð (40.578 íbúar) en á þeim svæðum dóu 445 af 459 samkvæmt Heilbrigðisskýrslum 1911-1920. Í þeim 34 læknishéruðunum (48.481 íbúar), sem sluppu að mestu, dóu 14 manns af völdum spænsku veikinnar. Myndrit 16 gefur til kynna að ástandið í spænsku veikinni hafi verið áberandi verst í Reykjavík en þegar dánartölur eru leiðréttar með tilliti til íbúafjöldans í viðkomandi læknishéruðum breytist myndin töluvert (sjá mynd 17).

Ef mynd 17 er skoðuð sést að það voru einkum 5 læknishéruð sem urðu verst úti með dánartíðni á bilinu 13-18 á hverja 1.000 íbúa. Efst tróna í hnapp Reykjavík, Skipaskagi (Akranes og nágrenni) og Keflavíkurumdæmi, þvínæst kemur Flateyrarhérad og Vestmannaeyjar eru fimmta héraðið. Sex læknishéruð voru með dánartíðni á bilinu 5-8 á hverja 1.000 íbúa. Röðin var þessi: Eyrarbakkahérad, Grímsneshérad, Ísafjarðarhérad, Hafnarfjarðarhérad, Hesteyrarhérad og Rangárhérad.

Mynd 17. Dánir í spænsku veikinni eftir læknishéruðum 1918. Dánir á hverja 1.000 íbúa



Lok spænsku veikinnar

Spænska veikin var yfirstaðin í desember 1918 og var einstök í flokki inflúensufaraldra fyrir það hve mannskæð hún var. Margt er á huldu um upptök veikinnar en almennt eru fræðimenn sammála um að þrátt fyrir nafnið hafi spænska veikin ekki átt upptök á Spáni. Hins vegar bárust fyrstu fréttirnar um þennan faraldur frá Spáni á lokaskeiði heimsstyrjaldinnar fyrri (1914-1918) þegar ritskoðanir stríðandi landa héldu þagnarmúr um tíðindin. Hefur jafnvel verið gefið í skyn að upptök faraldursins megi rekja til Kansasfylkis í Bandaríkjunum. Hvað sem því líður er spænska veikin enn í dag áleitin og ótæmandi uppspretta rannsókna um lífshættulega farsótt sem á endanum lagði milljónir manna að velli um allan heim.

Helstu heimildir

- Gísli Jónsson (1968). *1918. Fullveldi Íslands 50 ára 1. desember 1968*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon ritstj. (1997). *Hagskinna – sögulegar hagtölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. Vefur, þ.m.t. vefurinn „Sögulegar hagtölur“.
- Heilbrigðisskýrslur 1911-1920. Útg. Landlæknirinn á Íslandi, Reykjavík, 1922.
- Heilbrigðisskýrslur 1961. Samdar af skrifstofu Landlæknis. III. kafli: Nokkrar staðtölur um mannfjölda, manndauga og fleira, bls. 154-163.
- Magnús Gottfreðsson o.fl.(2008). *Lessons from the past: Familial aggregation analysis of fatal pandemic influenza (Spanish flu) in Iceland in 1918*. Proc Natl Acad Sci USA 2008; 105: 1303-1308.
- Magnús Gottfreðsson (2008). *Spænska veikin á Íslandi 1918. Lærdómur í læknisfræði og sögu*. Læknablaðið, 94(11), 737-745.
- Magnús Gottfreðsson, „Hver voru einkenni spænsku veikinnar og hvernig hogaði hún sér? Vísindavefurinn, 20. nóvember 2018. <http://visindavefur.is/svar.php?id=75122>.
- Mannfjöldaskýrslur 1911-1915. Hagskýrslur Íslands I, hefti nr. 24. Útg. Hagstofa Íslands, 1921.
- Mannfjöldaskýrslur 1916-1920. Hagskýrslur Íslands I, hefti nr. 56. Útg. Hagstofa Íslands, 1928.
- Viggó Ásgeirsson (2008), „*Engill dauðans*“. *Spænska veikin á Íslandi 1918-1919*. Saga 2008; 46. árg. 209-215.

Viðauki

Seinni hluti: Inflúensur og spænska veikin 1918, útdráttur úr Heilbrigðisskýrslum Útdráttur úr Heilbrigðisskýrslum 1911-1920 (sem samdar voru eftir skýrslum héraðslækna).

Útgefnar af Landlækninum á Íslandi. Reykjavík, 1922.

Heilbrigðisskýrslurnar greina frá ástandi heilbrigðismála og starfsemi heilbrigðisstétta. Bæði eru um að ræða samtímaheimildir og samantektir landlæknis í þeim tilgangi að upplýsa almenning og stjórnvöld um ástand heilbrigðismála í formi tölulegra upplýsinga auk frásagna og mánaðarlegra greinargerða héraðslækna sem landlæknir vann úr til opinberrar skýrslugerðar. Texti sá sem hér er birtur er efnislega í samræmi við frumtexta Heilbrigðisskýrslna með þeirri undantekningu að þar sem víða var að finna styttingar og skammstafanir í frumtextanum eru orð hér rituð fullum fetum til að gera textann aðgengilegri fyrir fróðleiksfúsa lesendur um spænsku veikina 1918. Fyrir utan leiðréttingar á augljósum prentvillum er hér fylgt nútíma stafsetningu á nokkrum orðum (dæmi: „frjett“ verður „frétt“). Þá skal þess getið að heiti margra þeirra 47 læknishéraða sem landinu var skipt eftir má ekki túlka of bókstaflega því þau náðu yfirleitt til nágrannabyggða. (Dæmi: Læknishéraðið kennt við Eyrarbakka náði árið 1918 til Ölfuss, Flóa og Villingaholts).

Fleira en eitt nafn er til yfir það sem í dag nefnist „Spænska veikin“. Meðal nafna sem koma fyrir í heimildum eru „Spánarveikin“, „inflúensa“ og í skýrslu Hagstofunnar um dánarorsök þeirra sem létust í þessum faraldri árið 1918 stendur þessi texti: „Kvefpest (flensa), *influenza*“. (sjá Mannfjöldaskýrslur 1916-1920, bls. 56).

Úr kaflanum „Yfirlit yfir heilsufar og heilbrigðismál 1911-1920“, bls. LI-LVI.

[Bls. XLIV]

Inflúensa hefir öldum saman geisað hér við og við sem farsótt, og oft valdið miklum manndauða (sjá I. línurit). Hina miklu landsfaraldra má ætíð eða oftast rekja til útlanda, en hér sleppt að geta þeirra, og má að því leyti vísa til ritgerðar Þórðar Thoroddsens (Inflúensa fyrrum og nú) í Læknablaðinu 1919. Þeim er venjulega lýst sem einni veikindaöldu, sem farið hafi mjög hratt yfir og sýkt allan þorra landsmanna en ekki svo, að fleiri veikindaöldur hafi risið hver á fætur annari í sama faraldri, og þó hefir veikin hagað sér þannig erlendis. Þá hefir hún verið lítt bundin [XLVI] við árstíðir, heldur breiðst út á líkan hátt, á hvaða tíma árs sem hún hefur flust hingað.

Auk hinna miklu landsfaraldra telja læknar, að inflúensa geri vart við sig víðsvegar í héruðum á hverju ári, oftast fáir sjúklingar á stangli, en stundum er þó um allmikla héraðafaraldra að ræða, t. d. 1916-1917. Eflaust má gera ráð fyrir, að dreifðu sjúklingarnir hafi haft þungt kvef eða aðra sjúkdóma, en erfitt oft um héraðafaraldra að dæma, því kvefsóttir geta líkst svo mjög vægri inflúensu, að tæpast sé auðið að greina

þessa sjúkdóma sundur. Veldur þetta miklum glundroða í skýrslum og lýsingum á háttalagi þessara kvilla. Þessir smáfaraldrar sýnast innlend veikni, sýnast spretta upp af sjálfu sér, en hins vegar oft erfitt að vita hvað frá útlöndum kemur, ekki síst síðan samgöngur jukust svo mjög.

Á árunum 1911-1920 hafa tveir ótvíræðir inflúensufaraldrar gengið yfir landið: faraldrarnir 1918 og 1920. Þá mun óhætt að telja „barnakvefið“ 1919 inflúensu, þó almennt væri það talin kvefsótt. Um áramótin 1912-1913 og 1915 gengu og miklir kveffaraldrar um landið allt, sem flestir lækna nefndu inflúensu. Hinn fyrri kemur nokkuð á óvart, því þá bar ekkert á veikinni í nágrannalöndunum, en 1915 var hún nokkur í Danmörku, talsverð í Englandi og Bandaríkjunum, mikil sumstaðar í Noregi (á Jaðri), svo viðbúið var, að hún bærst hingað. Það hafa þá gengið ekki færri en 5 landsfaraldrar á 10 árum, þó sleppt sé öllum smáfaröldrum, og er það meira en dæmi eru til fyrir.

Eftirfarandi yfirlit [Yfirlit yfir inflúensu 1911-1920] sýnir hve margir hafa verið skráðir með inflúensu á ári hverju 1911-1920, hvar helstu faraldrarnir hafa komið upp og hve lengi þeir hafa staðið (bæði landsfaraldrar og héraðafaraldrar að meðaltali). Árið 1918 er greint milli júlínflúensunnar (I) og Spánarveikinnar (II). Um manndauðann úr inflúensu 1916-1920 eru ekki sérstakar skýrslur [XLVII] nema fyrir 5 fyrri árin (í svigum hve margir dóu úr kvefsótt), en tölurnar fyrir 5 síðari árin sýna manndauða úr kvefsótt og inflúensu. Nákvæmar eru tölur yfirlitsins ekki, en gefa þó sémilega hugmynd um aðalatriðin.

[Tafla: Yfirlit yfir inflúensu 1911-1920]

Yfirlit yfir inflúensu 1911-1920 með hliðsjón af faröldrum árunum 1890 og 1894

Ár	Faraldur kom upp	Lengd lands faraldurs, mánuðir	Hámark á mánuði	Héraðs-faraldrar, mánuðir	Skráðir sjúklingar	Hlutfall sjúklinga á 1.000 íbúa	Fjöldi sýktra héraða	Dánir úr inflúensu	Dánir úr kvefsótt	Meðal-mannfj
1890	Austfirðir	4-5	3	2-4	2.100	29,7	•			70.594
1894	Austfirðir	8	3	2-4	4.600	62,9	•			73.079
1911	Ekki þekkt				70	0,8	5		14	85.441
1912	Austfirðir				1.639	19,1	34	20	10	85.889
1913	Austfirðir	10	3	2-3	343	4,0	34	15	14	86.627
1914	Ekki þekkt				106	1,2	5		6	87.607
1915	Reykjavík	7	3	2-6	1.867	21,1	27	20	10	88.568
1916	Ekki þekkt				194	2,2	12	64		89.439
1917	Ekki þekkt	6	•	2-4	395	4,4	12	40		90.594
1918 I	Reykjavík	4	2	2-4	205	2,2	5			91.633
1918 II	Reykjavík	3	2	1-3	6.914	75,5	17	459		91.633
1919	Reykjavík	5	2	2-5	4.182	45,3	34	91		92.377
1920	Vestmannaeyjar	11	2	2-4	3.794	40,5	35	52		93.646

Til þess að komast hjá endurtekningum er hér sett yfirlit yfir skráða sjúklinga eftir aldursflokkum í öllum helstu faröldrunum (eftir D-II) og % sjúklinga í hverjum aldursflokki. Til samanburðar eru settar hundruðstölur fyrir kvefsótt og lungnabólgu að meðaltali á árunum 1911-1920 og einnig fyrir inflúensufaraldrana í Danmörku 1891 og 1918. Að öðru leyti vísast til 5. línurits, sem sýnir þetta öllu ljósar en tölurnar einar.

[Tafla: Aldursflokkun inflúensusjúklinga í helstu faröldrum 1911-1920]

Aldursflokkun influenssjúklinga í helstu faraldursárum 1911-1920 (Heimild: Heilbrigðisskýrslur 1911-1920, bls. XLVII.)

		Sjúklingar									
		Tala sjúklinga	Á 1. aldursári	1-4 ára	5-14 ára	15-64 ára			65 ára og eldri		
		Alls	Alls	Alls	Alls	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Fjöldi	1912	1.418	56	117	246	894	461	433	105	45	60
Fjöldi	1915	1.714	37	219	320	1.071	554	517	67	29	38
Fjöldi	1917	329	12	52	82	162	87	75	21	14	7
Fjöldi	1918 I	205	0	30	27	146	73	73	2	1	1
Fjöldi	1918 II	6.903	119	659	1.147	4.816	2.399	2.417	162	78	84
Fjöldi	1919	4.202	623	1.582	1.043	902	572	330	52	17	35
Fjöldi	1920	3.570	59	392	645	2.355	1.268	1.087	119	46	73
Fjöldi	1912-1920	18.341	906	3.051	3.510	10.346	5.414	4.932	528	230	298
Hlutföll, %	1912	100,0	3,9	8,3	17,3	63,0	32,5	30,5	7,4	3,2	4,2
Hlutföll, %	1915	100,0	2,2	12,8	18,7	62,5	32,3	30,2	3,9	1,7	2,2
Hlutföll, %	1917	100,0	3,6	15,8	24,9	49,2	26,4	22,8	6,4	4,3	2,1
Hlutföll, %	1918 I	100,0	0,0	14,6	13,2	71,2	35,6	35,6	1,0	0,5	0,5
Hlutföll, %	1918 II	100,0	1,7	9,5	16,6	69,8	34,8	35,0	2,3	1,1	1,2
Hlutföll, %	1919	100,0	14,8	37,6	24,8	21,5	13,6	7,9	1,2	0,4	0,8
Hlutföll, %	1920	100,0	1,7	11,0	18,1	66,0	35,5	30,4	3,3	1,3	2,0
Hlutföll, %	1912-1920	100,0	4,9	16,6	19,1	56,4	29,5	26,9	2,9	1,3	1,6
Á 1.000 íb	1912	16,5	26,5	15,0	13,2	17,2	18,6	16,0	19,0	21,5	17,5
Á 1.000 íb	1915	19,3	16,5	27,1	16,9	20,0	21,7	18,4	11,6	13,0	10,7
Á 1.000 íb	1917	3,6	5,2	6,2	4,3	3,0	3,3	2,6	3,5	5,8	1,9
Á 1.000 íb	1918 I	2,2	0,0	3,5	1,4	2,7	2,8	2,6	0,3	0,4	0,3
Á 1.000 íb	1918 II	75,3	51,2	76,6	58,8	87,6	90,9	84,5	25,9	31,4	22,3
Á 1.000 íb	1919	45,5	276,6	180,8	53,1	16,3	21,4	11,5	8,1	6,7	9,1
Á 1.000 íb	1920	38,1	25,4	44,8	32,4	41,9	46,7	37,4	18,2	17,7	18,6
Á 1.000 íb	1912-1920	29,0	57,3	51,9	26,0	27,1	29,6	24,9	12,4	13,7	11,5

[Bls. LI]

Inflúensa [og spænska veikin] 1918.

Árið 1918 barst inflúensa þrisvar til landsins. Í fyrsta sinnið fluttist góðkynjuð veiki frá Englandi í júní til Reykjavíkur, sömu tegundar og gekk í Englandi og víðar um þær mundir. Í síðari sinnin fluttist „Spánarveikin“ nálega samtímis til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og var hún hin skæðasta drepsótt. Fyrr á árinu var „inflúensu“slæðingur norðanlands og kvað nokkuð að henni í Öxarfirði, Þistilfirði og Húsavík.

a) **Júlí-inflúensan** gerði mest vart við sig í þeim mánuði í Reykjavík. Hún fluttist í júní frá Englandi og var ótvíræð inflúensa, þó væg væri, færi hægt, sýkti fáa og líktist kvefi. Höfðu allir skipverjar á skipinu, sem flutti hana, sýkst af léttri inflúensu í Englandi, og var skipið síðan sóttþreinsað þar, áður en það lagði af stað. Eigi síður sýktu skipverjar menn, er þeir komu hingað. Skömmu síðar fluttist sama sóttin með Botnú frá Kaupmannahöfn. Hún breiddist fljótt út, þó ekki sýkti hún almenning, enda engum [LII] vörnum beitt. Í júlí var hún komin til Eyrarbakka, Mýrdals og Síðu, í ágúst til Skipaskaga [Akranes og nágrenni] og ef til vill til Akureyrar, í september til Stykkishólms. Víðar er ekki um sótt þessa getið. Það er eins og hún hafi runnið saman við kvefið í öðrum héruðum. Gísli Pétursson lýsir henni svo: Var væg, fór hægt yfir, sýkti ekki alla á heimilunum; flestir voru á fótum, þó nokkrir lögju, og mjög fáir leituðu læknis. Sjúkdómseinkennin voru þó svipuð og í síðari farsóttinni, en miklu vægari. Jón Hj. Sigurðsson segir einkennin lítilfjörlegt andfærakvef samfara hitasótt og nokkru garnakvefi á sumum sjúklingum (Læknablaðið 1918, 126). Á sumum heimilum í Reykjavík sýktist þó allt heimilisfólk í senn og slapp það flest við Spánarveikina, sem sýktist í þetta sinn, þó létt væri.

Um aldursflokka vísast til yfirlitsins á bls. XLVTI og 5. línurits. Úr aldursmuninum í júlíinflúensunni og Spánarveikinni, sérstaklega á aldrinum 1-5 ára, er ekki mikið gerandi vegna þess hve talan er lág í fyrri faraldrinum. Ekki er þess getið að neinn hafi dáðið úr sótt þessari.

Eftirtektarvert er það við þessa inflúensu, að hér er skýlaust um þá veiki að ræða, en þótt hún fari sinna ferða óhindrað og nái nokkurri útbreiðslu, þá sýkjast tiltölulega fáir, yfirferðin er hæg, einkennin svo lík kvefi, að fæstir læknar geta greint hana frá því. Sótt næmið hefir og haldist lifandi, þó skipverjum væri batnað fyrir nokkrum dögum og jafnvel skipið „sóttþreinsað“.

b) **Spánarveikin** (október-inflúensa) barst þrisvar til landsins: með Willemoes frá U.S. [Bandaríkin] 19. okt., með Botnú 20. okt. og [togaranum] Víði um sama leyti til Hafnarfjarðar. Í Reykjavík er talið, að sýkingin hafi stafað frá Botnú og þessi rök færð fyrir: Á skipinu var einn maður lasinn, að talið var af inflúensu (háseti) en var þó við vinnu og lagðist ekki. Stúlka kom með skipinu og lagðist hún degi eftir komu sína. Var hún líklega fyrsti sjúklingurinn. Hún hafði hitt bróður sinn, lærisvein á vélstjóraskólanum, er hún kom, og sýktist hann 1-2 dögum síðar en svo hver af öðrum af lærisveinum vélstjóraskólans, svo og skólastjóri. Áður en skólastjóri lagðist, talaði hann við annan mann úti á götu, og lagðist sá skömmu síðar og kvaðst enga aðra orsök vita til smitunar en samtal þetta. Frá lærisveinum vélstjóraskólans breiddist svo veikin með geysihraða um allan bæinn, sérstaklega þegar fram í nóvember kom, og síðan út um land. Í

Hafnarfirði mun veikin hafa stafað mestmegnis frá skipverjum á Víði, sem kom frá Englandi. Þaðan barst og veikin til Reykjavíkur (Læknablaðið 1919, 72). Hvarvetna þar sem þessi illkynjaða og auðþekta sótt kom, mátti rekja feril hennar til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar.

Yfirferð. Skýrslugerð í Reykjavík fór öll út um þúfur í veikindum lækna og annríki, en góða hugmynd um yfirferðina í bænum má fá af yfirliti Þórðar Thoroddsens (Læknablaðið 1919, 75), sem telur sjúklinga hans:

Dags. frá	Dags. til	Sjúklingar
28. okt.	31. okt.	13
1. nóv.	5. nóv.	146
6. nóv.	10. nóv.	329
11. nóv.	15. nóv.	368
16. nóv.	20. nóv.	195
21. nóv.	25. nóv.	127
26. nóv.	30. nóv.	46
1. des.	6. des.	8
28. október	6. desember	Samtals: 1.232

[bls. LIII]

Yfirferðin hefir þá staðið um 1½ mánuð frá því veikin barst fyrst til bæjarins, og háværkum nær hún eftir rúma 20 daga, því sem næst á miðjum yfirferðartíma, eins og venja er til með influensu.

Yfirferð veikinnar út um land er algerlega mótuð af sóttvörnum, sem teknar voru upp, er veikin reyndist svo skæð í Reykjavík: Öll héruðin norðan og austan frá Rangár- til Hesteyrarhéraðs sluppu og 6-7 vestanlands (Ólafsvík, Stykkishólmur, Dalir, Reykhólar, Flateyjar, Patreksfjörður og Bíldudalur). Veikin barst þá aðeins í 16-17 héruð af 47, og landsfaraldrinum var lokið á tæpum 3 mánuðum, því við áramót [1918/19] var veikin nálega um garð gengin. Norðanlands og austan var tiltölulega auðskilið, að veikin yrði stöðvuð, því ströngum sóttvörnum var beitt bæði á sjó og landi. Aftur virðast varnir í sumum vesturhéruðunum hafa verið nokkru vægari, t. d. Reykhóla, eða þeirra lítt getið (Ólafsvík), og sluppu þó héruðin.

Guðmundur Guðmundsson telur, að veikin hafi borist í september til Stykkishólms (júlí-influensa), en Spánarveikina hefur héraðið líklega sloppið við, þó allmargir sjúklingur séu taldir í desember, enda ólíklegt, að Ólafsvík og Dalahérað hefðu þá undan komist, ef hún hefði komist til Stykkishólms. Spánarveikin fluttist að vísu í Miðfjörð og Hrútafjörð, en var stöðvuð þar af Ólafi Gunnarssyni, og mátti því heita, að héraðið slyppi. Það eru þá strangt til tekið ein 15 héruð, sem Spánarveikin gekk yfir og í sumum þeirra vörðust heilar sveitir og fjöldi heimila (Borgarfjörður, Rangárvellir, Nauteyrar og Hesteyrar).

Mannfjöldinn í þessum 15 héruðum var um 45.500 og um 6.900 sjúklingur voru skráðir í Spánarveikinni eða um 150% íbúa (190% í Reykjavík), og er það nokkru meira en gerðist í sveitum í Danmörku. Í raun og veru leituðu miklu fleiri lækna sérstaklega í Reykjavík, og margfalt fleiri sýktust. Héraðslæknirinn í

Reykjavík giskar á, að ekki færri en 10.000 hafi sýkst þar (63,3%; 2.800 skráðir). „Af fólkinu veiktist áreiðanlega 80-90% ef allir eru taldir, sem lasnir urðu og líklega nær síðari tölunni,“ segir Gísli Pétursson (Læknablaðið 1918, bls. 190) og sama telur Ólafur Finsen. Þetta kann að vera vel í lagt, en í Reykjavík og víðar mátti heita, að allir sýktust milli 5 og 50 ára, svo þetta máttu einsdæmi heita. 23 sýktust af 26 í verstöð í Hesteyrarhéraði. — Það var þó einkum í kaптúnunum, sem svo mikið kvað að veikinni. Uppi í sveitum gekk hún hægar yfir, sýkti færri og léttar. Á Skipaskaga var hún svo væg í sveitum, að „lítt líktist pestinni í kaптúninu [þ.e. Akranesi]“. í Sléttuhreppi í Hesteyrarhéraði „hagaði hún sér á allt annan veg: fór hægt yfir, tók fáa og mjög vægt yfirleitt og „lognaðist út af“ í Aðalvíkurhverfunum. Í mesta lagi 1/5 hreppsúa sýktist. Þó sluppu sveitahéruð ærið misjafnt. í Grímsneshr. er sagt, að heilar sveitir hafi sýkst í einum svip. Þá hefir og sóttin einhvern veginn orðið sjálfdaud í Borgarneshéraði. Því þaðan komst hún ekki lengra vestur, og er þó ekki getið um verulegar sóttvarnir. Er það eftirtektarvert, að svo mögnuð veiki sem þessi skuli breytast svo mjög á leið sinni, og það á mánaðartíma, að hana geti dagað uppi í héruðum, svo að enginn veit hvað af henni verður.

[bls. LIV]

Um **einkenni veikinnar og fylgikvilla** vísast til III. kafla bls. 94*, og lýsingar Gísla Péturssonar í Læknablaðinu 1918, bls. 190. Þau eru mjög hin sömu og gerðust í öðrum löndum. Eitrunareinkennin, sérstaklega blæðingar og hörundsbláminn (cyanosis) á lungnabólgu sjúklingum, var alveg óvenjulegt. Lungnabólga [Nmgr.: Inflúensulungnabólgan var sjaldnast eiginleg lungnabólga, heldur bronchitis purulenta, með slíku slímlagi í endagreinum lungnapípnanna, að loftið náði ekki að sýra blóðið, og af því spratt bláminn.] var og óvenjutíð og hættuleg.

Hve tíð lungnabólgan hefir verið, er óvíst, ekki síst vegna þess, hversu skýrslur úr Reykjavík eru ófullkomnar. Í sjö héruðum, þar sem mest kvað að veikinni, eru skráðir í nóvember og desember 4.572 sjúklingar með inflúensu, og 956 með lungnabólgu (í sumum héruðum eru allir sjúkdómar skráðir sem inflúensa) eða um 18%. Aftur telur Þórður Thoroddsen að 23,7% hafi fengið lungnabólgu. Þetta svarar nokkurn veginn til þess sem reynslan var í Englandi, að 20% sjúklingur sýktust mjög alvarlega.

Næmleiki og undirbúningstími. Sex lækna athuguðu undirbúningstíma. Fimm læknum reyndist hann um 2 daga, einum 12 klst. Hvergi reyndist veikin flytjast með dauðum munum, póstflutningi eða þvíumlíkt, en eitt sinn var grunur um, að hún hefði flust með hundi, enda er það ætlun sumra fræðimanna, að dýr geti sýkst. Eitt dæmi þess er nefnt (Jón Bl.), að menn hafi smitast af því að tala við aðra úti við, þó ekki snertu þeir hvorir annan og sama á að hafa viljað til í Reykjavík. Um eyðingartíma veikinnar eru fáar athuganir. Á Bíldudal sýktu 2 menn frá Reykjavík engan, og voru 2 vikur frá því þeir höfðu haft veikina. Norðanpóstur lagðist á Stað í Hrutafirði, og sýkti hvorki bæi þá, sem hann gisti á rétt áður en hann lagðist, né þegar hann fór til baka nýstaðinn upp úr veikinni. Þessi dæmi benda í þá átt, að eyðingartírninn sé stuttur og að smitunarhætta sé ekki mikil á undirbúningstímanum, en eru of fá til þess að hafa verulegt sönnunargildi. Hitt mun áreiðanlegt, að ferðamönnum, sem komu til Reykjavíkur úr inflúensulausum héruðum, varð

yfirléitt ekki meint við það að koma til Reykjavíkur, skömmu eftir að veikin var þar gengin um garð. Þótt veikin hefði geisað fyrir skömmu, sýktust þeir ekki.

Þótt veikin tæki venjulega flesta á heimilunum, var ekki ætíð svo. Jafnvel heil heimili gátu sloppið, þó engin varúð væri við höfð (Eyrarbakki), eða helmingur heimilismanna sýkst og hinn ekki (Skipaskagi).

Í Reykjavík sluppu margir við Spánarveikina, sem sýkst höfðu í júlífaraldrinum, jafnvel heil heimili. Þó var ónæmið eftir júlíveikina ekki einhlýtt og telur t.d. Gísli Pétursson, að Spánarveikin hafi lagst jafnþungt á þá, sem fyrr sýktust og hina.

Hér sem annarsstaðar lagðist veikin mest á miðaldra fólk; en börn og gamalmenni sluppu betur en í farsóttunum 1890 og 1894, en miðaldra verr. Erlendis lagðist hún einkum á 20-40 ára aldur, en hér var allur þorri sjúklinga í aldursflokkunum 15-65 ára. Fáir sýktust yfir fimmtugt og mjög fáir yfir 60 ára eða á fyrsta aldursári. Sennilega gefur sjúklingaskýrsla Þórðar Thoroddsens (Læknablaðið 1919, bls. 75) rétta hugmynd um aldurshlutföllin. (Dánir í svigum).

[bls. LV]

	Karlar		Konur		Samtals	
0-1 árs	15	(3)	8	(2)	23	(5)
1-10 ára	101	(6)	129	(4)	230	(10)
10-20 ára	103	(3)	83	(1)	180	(4)
20-40 ára	273	(20)	330	(25)	603	(45)
40-60 ára	56	(7)	93	(2)	149	(9)
60 ára og eldri	13	(2)	28	(2)	41	(4)
Samtals	561	(41)	671	(36)	1.232	(77)

Að öðru leyti má sjá aldur 6.903 sjúklinga, sem lágu í Spánarveikinni á yfirlitinu á bls. XLVII og 5. línuriti. Þau eru lík því sem gerðist í faröldrunum 1912, 1915 og 1917. Þó sýktust nokkru fleiri á 5-15 ára aldri, en færri 1-5 ára, og með minnsta móti af fólki yfir 65 ára.

Þyngd veikinnar og manndauði. Eftir bráðabirgðayfirliti Hagstofunnar dóu 459 úr kvefpest og kvefsótt árið 1918 eða 10,1%, ef miðað er við mannfjölda í veikindahéruðunum og breytir það litlu, þó venjulegi manndauðinn úr þessum kvillum væri dreginn frá. Mjög hefir þó manndauðinn komið misjafnt niður á héruðin. Í nokkrum héruðum var hann þessi (Hagstofan):

Reykjavík*)	219	14%	Ísafjörður	23	6%
Keflavík	44	17%	Hesteyri	4	5%
Hafnarfjörður	18	6%	Vestmannaeyjar	25	13%
Skipaskagi [Akranes o. nágr.]	28	17%	Rangárvellir	18	5%
Borgarfjörður	2	1%	Eyrbakki	31	8%
Flateyri	17	17%	Grímsnes	16	7%

) Líklega réttara að telja 258 dána (17%), því dánarvottorð vantaði fyrir 45 (sjá III. bls. 69).

Þegar influensan barst í júní, var engum vörnum beitt, og varð lítt meint við. Þegar svo Spánarveikin barst til Reykjavíkur, þótti ástæðulaust að verjast sótt, sem væri fyrir í landinu og reyndist meinlítill. Nokkrar varnir voru þó teknar upp í Reykjavík, er veikin dundi yfir, skólum og samkomuhúsum lokað o. s. frv., enda sjálfgert, er allir lögðust. Þá var og sérstök hjálparnefnd skipuð til þess liðsinna sjúkum á allan hátt, barnaskólinn tekinn fyrir sjúkrahús o.fl., og bætti þetta stórum úr mestu vandræðunum, Ákefð veikinnar og hinn mikli manndauði leiddi svo til þess, að opinber sóttvörn var hafin eftir áramótin, eftir að álits Læknadeildar Háskólans hafði verið leitað. Var álitid prentað sem sérstakur bæklingur og sóttvarnareglur auglýstar 20. janúar 1919. Landlæknir hafði auk þess sent út alþýðlegar leiðbeiningar um veikina. Varnir þessar voru mjög strangar og alþýða í ósýktu héruðunum afar hrædd við þessa pest. Sóttvörn þessi tókst frammar öllum vonum og forðaði nálega réttum helmingi landsmanna frá þessari drepsótt. Allt Norður- og Austurland slapp, svo og nokkur hluti Vesturlands, svo sem fyrr er sagt. Varnirnar voru eingöngu miðaðar við, að sóttir bærisk við nán mök mann frá manni en ekki með dauðum munum, póstflutningi o.þvfl. Sýnir þetta ótvírætt, að stöðva má yfirferð veikinnar, — ef hræðsla almennings er svo mikil sem var í þetta sinn og áhugi á að verjast. Sérstaklega er eftirtektarvert hversu veikin var [LVI] stöðvuð i Miðfjarðarhéraði. En þó veikin hefði farið sinna ferða; eru nokkur líkindi til þess, að hún hefði gert minni usla í héruðunum, sem vörðust. Hún fór hægar í sveitum og var þar víðast miklu vægari en í margmenninu í kaupúnum, þó ekki væri það ætíð svo.

Úr III. kafla: „Ágrip af aðalskýrslum héraðslækna“, bls. 90*-99*.

[bls. 90*]

7. Inflúensa.

a) Undirbúningstími og næmleiki.

Hafnarfjörður. Undirbúningstími var oftast 2—3 dagar, sjaldan lengri.

Skipaskagi — Fyrri farsótt í ágúst 1918 fór hægt yfir. Undirbúningstími var mjög mismunandi. Á sumum heimilum tók hún flesta með fárra daga millibili, á öðrum með miklu lengri fresti. Þannig fengu hjón á barnlausu heimili veikina með 8 daga millibili.

Síðari farsóttin (Spánarveikin) fluttist frá Reykjavík. Þar höfðu bátsmenn 6 klst. viðvöl. Tveim dögum eftir heimkomuna veiktist fyrsti sjúklingur og næstu daga allt fólkið á heimili hans. Áreiðanlega sýktust 90% íbúa. Lagðist aðallega á ungt fólk og miðaldra, en fátíð á fólki yfir 50 ára. (Inflúensan 1894 lagðist aðallega á ungbörn og gamalmenni). Á einu sveitaheimili sýktust 3 kvenmenn, en 3 karlmenn sýktust ekki, á öðru sýktust 3 karlmenn, en 4 kvenmenn sluppu.

Á einu heimili var tekið móti bréfi frá veikindaheimili og kom ekki að sök, heldur ekki þó heimamenn tækju móti flösku, er þeir drukku úr, sem um veginn fóru. Húsbændur á heimili þessu fóru og kaupstaðarferð til Akraness, komu hvergi inn og sakaði ekki. Aldur sjúklingur var:

<u>Aldur sjúklinga</u>	<u>Sjúklingar</u>	<u>Skýringar</u>
0-1 árs	12	
1-5 ára	77	
5-15 ára	174	
15-65 ára	382	(195 karlar og 187 konur)
Yfir 65 ára	8	(3 karlar og 5 konur)

Borgarfjörður. Ekki varð ég þess var, að hún bærist með bréfum eða dauðum hlutum, en líklegt er það, eftir sögum manna, að hún geti borist í loftinu stuttan spöl undan vindi (2-3 metra). Sex sinnum gat ég athugað undirbúningstímamann nákvæmlega (á sjálfum mér og 5 mönnum öðrum), og var hann þá altaf sá sami, 48-50 klst. Jeg var sóttur rétt áður en ég lagðist, og fann til sóttarinnar á heimleiðinni, en enginn sýktist af mér á bænum, sem ég var sóttur á.

Stykkishólmur. Varla nokkur yfir 60 ára fékk veikina. Langmest fólk á besta aldri.

Dalir. Landpóstur gekk frá Reykjavíkur til Búðardals, eftir að inflúensan var orðin útbreidd í Reykjavík, og sýktist enginn af honum. Sótnæmið virtist ekki lifa lengi í dauðum munum.

Bíldudalur. Póstflutningur smitaði ekki, þó ekki væri sóttgreinsaður. Vörum var veitt móttaka á bryggju úr bátum úr sýktum héruðum og sakaði ekki. Tveir menn úr Reykjavík fluttu ekki veikina, þó að eins væru 2 vikur liðnar frá því þeir lágu sjúkir. Læknir fór til Þingeyrar, þegar pestin gekk þar, og fór fram hjá mörgu fólki á bryggjunni. Hann dvaldi þar 14 klst. (hjálpaði sængurkonu) í húsi, sem veikin var ekki komin í, og hafði þar [91*] sér til aðstoðar hjúkrunarstúlku, sem stundað hafði sjúka, en ekki sýkst sjálf. Kom ekki að sök. — Bátsmenn tóku smíðisgripi hjá járnsmiðum, sem voru nýstaðnir upp úr veikinni, en snertu þó ekki við þeim. Þeir sýktust ekki.

Flateyri. Sýkti nær allt fólk á Flateyri, sem yngra var en 50 ára, að undanteknum börnum á 1. viku.

Nauteyrahérað. Á einum bæ í Nauteyrahreppi sýktist helmingur heimilisfólks, sem svaf í sama herbergi, en hinn helmingurinn slapp. — Héraðslæknir var sóttur til Bolungarvíkur (veikin var þar þung), einangraði sig er heim kom og sýktist létt (vægur hiti í 3 daga). Enginn sýktist á heimili hans.

Hesteyri. Sjómenn, sem dvalið höfðu 2 sólarhringa í sýktu plássi, veiktust daginn eftir heimkomuna. 12-14 klst. eftir komu þessara manna veiktist fyrsti sjúklingur, sem fyrir var í landi. Eftir 6 daga voru 23 orðnir veikir af 28, sem voru í verstöðinni, og mánuði eftir komu mannanna var veikin komin um allan hreppinn. Í Sléttuhreppi fór veikin hægt yfir, var væg og tók fáa.

Síða. Bóndi á Brunasandi kom á sýkt heimili í Meðallandi. Veiktist 2 dögum eftir heimkomuna. — Virtist ekki mjög næm. Á einu heimili sýktist ein gömul kona.

Eyrbakki. 25 ára karlmaður sýktist 2 dögum eftir smitun (19. júlí). — Sumir bæir sluppu alveg við veikina, þó ekki reyndu þeir að verjast. — Maður sá, sem flutti veikina til Eyrbakka, varð svo veikur á leiðinni, að hann gisti á bæ í Ölfusi um nóttina. Þar smitaðist enginn, en er heim kom, smitaði hann heimili sitt og ýmsa þorpsbúa.

Ekki varð héraðslæknir þess var, að þeir veiktust síður af Spánarveikinni, sem fengu influensu um sumarið, eða veiktust að jafnaði vægar. Hann hafði nokkrum sinnum tækifæri til að skoða sama manninn veikan af báðum sóttunum. T.d. fékk 22 ára gömul stúlka influensa 14. okt. og svo Spánarveikina 12. nóv.

Veikin barst jafnan með mönnum, sem sjálfir höfðu tekið hana. Þó virtist einn bær, Krókur, hafa sýkst á annan hátt. Veikin kom þar fyrr en á öðrum bæjum í grendinni. Enginn maður hafði komið þangað lengra að um langan tíma, þó nokkrar samgöngur væru við næstu bæi, er allir voru heilbrigðir. Heimilismenn á Króki halda, að hún hafi flust með hundi. Vinnumaður frá Króki hafði farið til Reykjavíkur og lagst þar, en hundur hans kom aftur eftir nokkra daga. Daginn eftir að hundurinn kom heim, varð fyrst vart við veikina. Hundurinn hafði legið fyrir 2 daga eftir heimkomuna, og var haldið að það stafaði af þreytu. Ef veikin hefir flust með hundinum, hefir undirbúningstími verið í mesta lagi 1½ sólarhringur. Annars var stysti undirbúningstími sem héraðslæknir athugaði, 48-55 klst.

Af fólkinu veiktist áreiðanlega 80-90%, þar sem veikin kom, líklega nær seinni tölunni eða yfir hana ef þeir eru taldir, sem léttast sýktust og fóru ekki í rúmið.

Á einu mannmörgu heimili veiktust 3. Hitt fólkið slapp alveg, þar af 3 ungar manneskjur.

Keflavík. Maður úr Keflavík fór til Hafnarfjarðar. Kom heim 6. nóv. Þann 7. sýktist hann, og þann 8. tvö börn hans um tvítugt. [92*] Fjögur heimili í Keflavík sluppu alveg, þó þau hefðu stöðugar samgöngur við sjúka og fólkið stundaði þá.

b) Yfirferð veikinnar.

Reykjavík. Inflúensan barst um miðjan júní frá Englandi með e.s. Jóni forseta. Voru flestir skipverjar veikir. Engar sóttvarnarráðstafanir voru gerðar, og lögðust 100-200 manns. Veikin fór í þetta sinn svo hægt yfir, og breiddist svo lítið út, að efa mátti að um inflúensu væri að ræða.

Þann 19. október kom Willemoes frá Bandaríkjunum og hafði meiri hluti skipverja sýkst á leiðinni. Þrír voru veikir er skipið kom og 2 með hita.

Þann 20. október kom Botnía frá Höfn, og var þar einn maður sjúkur, en þó svo létt, að hann lagðist ekki. Örstuttu síðar veiktist ein stúlka, systir eins af lærisveinum á vélstjórnaskólanum. Voru þeir með þeim fyrstu, sem veiktust, þar á meðal skólastjórinn og læknir hans (Matthías Einarsson). Veikin tók síðan að breiðast út, fór sér hægt í byrjun, en í byrjun nóvember fór fjöldi manna að leggjast, og má heita, að 1.-7. nóvember hafi allur þorri bæjarbúa lagst í einni svipan, þar á meðal annars héraðslæknirinn. Þann 6. nóv. var talið að um 5.000 manna lögju, en þó aðeins fáir með lungnabólgu. Flestir af læknum bæjarins sýktust. Vegna veikinda lækna og annríkis fór öll skýrslugerð út um þúfur, en alls eru skráðir 3.142 sjúklingur Af þeim höfðu 559 lungnabólgu. Óhætt er að gera ráð fyrir að 10.000 hafi sýkst, þó ekki færu þeir allir í rúmið.

Hafnarfjörður. Barst frá Englandi með botnvörpunginum Víði. Skipverjar gengu á land án þess læknis væri leitað, og héldu að um kvef væri að ræða. Veikin barst óðfluga út um bæinn.

Skipaskagi [Akranes og nágrenni]. Gekk tvisvar yfir. — Fyrri farsóttin kom í byrjun ágústmánuði, líklega flutt úr Reykjavík. Það sem sérstaklega einkenndi hana var hve afar dræmt hún gekk yfir og hve væg hún var, þótt einkennin væru lík og í síðari farsóttinni. Sóttin gekk til loka september og varð engum að bana. Læknir sá 32 sjúklinga, en miklu fleiri sýktust.

Síðari farsóttin (Spánarveikin) barst inn í héraðið 31. október með mótorbát frá Reykjavík. Veikin fór mjög hratt yfir, og var komin í algleyming þann 12. nóvember. Aðeins 6 heimili heilbrigð á Akranesi, allt Innnesið sýkt og veikin víða komin upp um sveitir. Veikin stóð fram í miðjan des. — Upp um sveitir gekk veikin dræmt yfir, og líkt því sem gerðist í fyrra faraldrinum.

Borgarfjörður. Inflúensa barst inn í héraðið 3. nóvember, en vegna samgönguvarna komst hún lítið upp um sveitirnar. Hún kom á báða skólana, á Hvanneyri og Hvítárbakka, og á flesta bæi í Andakílshreppi og nokkra bæi í neðri hluta Skorradals, 2 bæi í Reykholtsdal og á 5 bæi í Stafholtstungum. Aðrir hlutar héraðsins sluppu.

Ólafsvík. Kvefsótt, sem hér gekk alla mán. ársins, en einkum ágúst-desember, hagaði sér öðruvísi en inflúensa, og að telja héraðið sýkt af henni eru getgátur einar.

Stykkishólmur. Í september 1918 fór að bera á influensu.

Dalir. Engin influensa á árinu.

Reykhólar. Veikinnar varð ekki vart.

Patreksfjörður. Lasleiki (influensa?) stakk sér niður í nóvember og desember, en lækni var ekki leitað.

Flateyri. Fluttist í byrjun nóvember til Flateyrar með mönnum sunnan [93*] úr Reykjavík. Í mánaðarlokin kom hún á Suðureyri og upp í sveit í Önundarfirði. Á Suðureyri tók hún menn mjög geyst og lögðust nær allir þorpsbúar á fám dögum.

Nauteyri. Inflúensan barst frá Ísafirði. Kom á einn bæ í Nauteyrahreppi og lagði allt í rúmið, sem svaf í sama herbergi. Helmingur heimilismanna slapp. — í Ögurhreppi fór hún um allt.

Hesteyri. Inflúensan fluttist 12. nóvember frá Ísafirði. Sex dögum eftir voru 23 af 28 í verstöðinni veikir, en eftir ½ mánuð var veikin komin um allan hreppinn. — Þann 26. barst hún í Sléttuhrepp með pósthát frá Ísafirði, en hagaði sér þar á allt annan veg: fór hægt yfir, tók fáa og mjög vægt yfirleitt. Sóttin hélt sig eingöngu í hverfunum beggja megin Aðalvíkur, án þess að breiðast lengra út og „lognaðist þar út af“. Um 1/5 hreppsþú, í mesta lagi fékk veikina.

Miðfjörður. Inflúensan barst með landpósti að Stað í Hrútafirði. Komst þaðan á 2 bæi í Hrútafirði, 3 í Miðfirði og 1 í Víðidal. Varnir. Veikin stöðvuð. (M. S., nóvember).

Öxarfjörður. Inflúensan gekk í apríl. Margir orðið þungt haldnir. Í maí var hún í rénun. Fæstir vitjuðu lækni. 2 sjúklingur í ág., með tracheobr. hafa líklega haft væga influensu. Sýktust rétt eftir að maður kom frá Reykjavík með influensu (M. S.).

Þistilfjörður. September. Æðimargir hafa veikst af influensu, en veikin verið svo létt, að lækni var ekki vitjað. Hún lýsti sér með acut. conj. og pharyngitis og nærri ávalt gastritis (uppsölu), en þetta hefir skánað eftir 2-3 daga. Hiti víst oftast lítill.

Síðuhreppur. Inflúensan barst í júlí frá Vík í Mýrdal á eitt heimili í Meðallandi. Allir lögðust (4). Samgönguvarúð, og barst veikin ekki lengra. — Í ágúst barst hún aftur úr sama stað á 2 heimili í Meðallandi. Lagðist einn á hvoru heimili og ekki fleiri, þó engin varúð væri höfð. — Í september barst hún á 2 heimili á Brunasandi. Bóndinn hafði komið á annað sýkta heimilið í Meðallandi og lagðist 2 dögum eftir heimkomu, einnig kona hans og barn. Frá þessum bæ sýktist annað heimili á Brunasandi (gömul kona).

Mýrdalshreppur. Í júlí barst vond kvefsótt með ferðamönnum úr Reykjavík og tók flest fólk á sumum heimilum. Var að stinga sér niður fram á haust, en varð vægari er á leið.

Vestmanneyjar. 4. nóvember kom Skaftfellingur með sýkta menn frá Reykjavík. Sjálf veikin endaði hér um miðjan des. Miklu fleiri sýktust en skráðir eru. (M. S.).

Rangárvellir. Inflúensan barst úr Reykjavík til Lands og í Holtahrepp með fjárrekstrarmönnum. Þeir komu á dansleik, sem haldinn var í sveitinni, og breiddist svo veikin skyndilega út á mörg heimili. Eftir að varnir voru teknar upp, breiddist veikin lítt út og Vestur-Eyjafjallahreppur slapp alveg.

Eyrbakki. Fyrsti sjúklingur bókfærður 19. júlí. Smitaðist á íþróttamóti á Selfossi. Í júlí-október eru aðeins fáeinir sjúklingar bókfærðir. Sýktust allir vægt. Allan þennan tíma heyrðist talað um þennan kvilla víðsvegar um héraðið, en læknis var sjaldan leitað, vegna þess, hve léttur hann var. Þó virtist það ekki vera mjög margt manna, sem sýktist.

Spánarveikin fluttist 31. október til Eyrbakka, með manni, sem kom frá Reykjavík. Um sömu mundir barst hún þaðan í aðra hreppa héraðsins. Úr því veiktust menn hrönnum saman í október, nóvember og desember. [94*]

Grímsnes. Kvefpestin fluttist í nóvember úr Reykjavík. Mátti heita, að hún tæki sumar sveitir í einu.

Keflavík. Barst 31. október inn í héraðið, með pilti frá Höfnum. Hafði farið snöggva ferð til Hafnarfjarðar og veiktist á heimleiðinni. Lá þungt í vikutíma. Í Hafnarhreppi breiddist veikin lítið út, og gerðu menn þó lítið til að verjast henni.

Til Keflavíkur barst veikin þann 6. nóvember frá Reykjavík. Breiddist þó lítið út. 7. nóvember kom mótorbátur frá Hafnarfirði með mörgu fólki, sem lent hafði í hrakningum og sýkst hafði á leiðinni. Þeir lögðust þungt og heimili þeirra. Frá þeim breiddist svo veikin út.

Til Grindavíkur barst hún frá Reykjavík. Veikin þar þung.

Í Garðahreppi barst hún bæði frá Keflavík og Reykjavík.

c) Einkenni og fylgikvillar.

Reykjavík. Héraðslæknir sá fáa af þeim, sem sýktust í júlí (veikur). Þeir höfðu allháan hita, nokkurt lungnakvef, sumir einkenni frá þörmum. Á einu heimili lá t. d. húsbóndinn með 40° hita, hósta og uppgang. Konan hafði og fengið háan hita og auk hans niðurgang. Veikin var yfirleitt svo væg og breiddist svo lítið út, að vafi gat leikið á, að um verulega inflúensa væri að ræða. Þó urðu áreiðanlega sumir ónæmir fyrir spönsku veikinni, sem lágu í þessum faraldri. Sást þetta jafnvel á heilum heimilum.

Spönsku veikinni mætti skifta í 3 flokka, eftir einkennum og háttalagi hennar.

a) **Létt inflúensa.** Byrjun snögg, með kuldahrolli, hiti 38,5-38,6. Dálítill hósti, þurr og uppgangslaus, síðar nokkur slímuppgangur hjá sumum, höfuðverkur. Við skoðun fannst lítið: roði í hálsi, oftast á aftari kokvegg og stöku ronchi; æð allhröð. Þetta stóð í 2-4 daga, svo fljótur bati. Þannig var veikin á allmörgum í byrjun faraldursins og yfirleitt á börnum innan 10—12 ára. Þau veiktust yfirleitt seinna en fullorðnir og léttara. Í barnaskólanum veiktust furðu fá börn, og honum var lokað vegna veikinda kennaranna.

b) **Þung inflúensa.** Allur fjöldi fullorðinna veiktist þyngra en fyrr er sagt. Byrjun veikinnar var svipuð, en strax bar þó meira á pectoraliai. Óstöðvandi, þurr, kitlandi hósti, særindi mikil fyrir brjósti, slímkendur

uppgangur og oft blóði blandinn. Í mörgum rénaði hitinn allsnögglega á 5.-6. degi, en svo versnaði þeim aftur, annaðhvort í rúminu eða er þeir voru komnir á fætur og fengu þá alvarlegasta fylgikvillann: bronch. cap. og lungnab.

c) **Inflúensa með lungnabólgu.** Þegar veikin var sem illkynjuðust bar strax, eða mjög snemma á bronch. cap. og lungnabólgu. Byrjunin var þá miklu ákafari, mæði mikil, og sótteitrun og hjartabilun komu snemma í ljós. Á mörgum bar mikið á blæðingum úr nefi, tannholdi, lungum og jafnvel í þvagi og saur. Púls var mjög misjafn, yfirleitt hraður og lítill. Veikin líktist að mörgu alvarlegri sepsis. Fjöldi þessara sjúklingur dó, margt hraust fólk á besta aldri, ennfremur margar sængurkonur. Þeim var mjög hætt. Jafnvel þó hiti væri að minka eða horfinn, leiddi sjúkdómurinn til bana, og oft á örstuttum tíma, vegna hjartabilunar. Sjúklingur blánuðu upp og dóu. Yfirleitt bar mjög á hörundsbláma (cyanosis) og lágu sumir dögum saman helbláir í andliti og á útlimum.

Helstu fylgikvillar voru þessir:

- 1) Blóðnasir.
- 2) Bronch. capill. var [95*] afar algeng og þrálát. Virtist sjúklingum þessum batna enn seinna en lungnabólgu sjúklingum.
- 3) Lungnabólga, lítil og takmörkuð hjá sumum, mikil og samfara fullkominni deyfu yfir einum lobus eða tveimur. Andardráttarhljóðið var breytilegt, á sumum mjög hvæsandi, á öðrum algerlega horfið (stýfla í bronchus). Deyfan var oft mjög lengi að hverfa.
- 4) Empyema fengu allmargir sjúklingur eftir lungnabólgu og kom það í ljós við aðgerð, að það stóð oft í sambandi við ígerð með holumyndun í lunganu.
- 5) Bólgur og ígerðir á ýmsum stöðum í líkamanum.
- 6) Mjög mörgum vanfærum konum leystist höfn eða ólu börn sín fyrir tímann. Margar þeirra dóu.

Veikin fór ekki í manngreinarálit; tók jafnt ríka sem fátæka, var jafn alvarleg eða alvarlegri í góðum húsakynnum og slæmum. Fólk, sem naut góðrar hjúkrunar, virtist deyja engu síður en hinir, sem enga höfðu. Þannig dóu sárfáir í Bjarnaborg og enginn í Suðurpól (25 fátækar fjölskyldur) nema eitt barn, sem var flutt þangað dauðvona.

Skipaskagi. Fyrri farsóttin, í ágúst, var væg og fór hægt yfir, þó einkenni væru lík og í síðari sóttinni. Iðrakveisa, sem stundum var mjög áköf, var almennur fylgikvilli, og það frekar en í hinni síðari.

Síðari farsóttin. (Spánarveikin). Einkenni hennar voru ákafur hiti (mestur 41,8°), höfuðverkur, óráð, stundum svo mikið, að sjúklingur æddu um sem óðir menn (varð stundum eigi linað nema með scopolam.-morph. innspýtingu), kvef, ákafur þurrabelgingshósti, einkum í byrjun, en síðan með uppgangi, ýmist gulleitum eða blóðlituðum. Uppköst voru mjög tíð í byrjun, sömuleiðis niðurgangur. Svefnleysi í mörgum, sumir lágu í móki. — Blóðnasir ákaflega tíðar, einkum á unglíngum, stundum nálega óstöðvandi. Eyrnabólgu fengu margir. Mjög lagðist sóttin þungt á vanfærar konur, og mistu sumar fangs. Tvær konur ólu andvana börn, aðframkomnar af lungnabólgu. Önnur lifði, hin dó.

Lungnabólgu fengu 87 sjúklingur, 53 með lobar-deyfu og sput. rubiginosum, 34 kveflungnabólgu. Stundum kom lungnabólga þegar í byrjun veikinnar, oftast þó á 5.-7. degi. Höfðu sumir farið á fætur, jafnvel með hita. Allmargir fengu brjósthimnubólgu.

Eftirköst. Neurasthenia, einkum á hjartaveilu og taugaveikluðu kvenfólki. Menn náðu sér mjög seint, jafnvel þó veikin hefði verið væg. — Einn sjúklingur fékk bráða tb. pulm. upp úr veikinni og dó. Á öðrum sjúklingur ágerðist veikin við influensu.

Stykkishólmur. Sjúklingar höfðu mjög mikinn hálsríg og höfuðverk. Sumir fengu neuritis, sem erfitt var að lækna. Menn voru lengi að ná sér.

Flateyri. Af fylgikvillum bar mest á garnakvefi og einn sjúklingur fékk blóðkreppusótt upp úr veikinni. — Blóðnasir voru mjög tíðar. Eftirköst voru: blepharitis, conjunctivitis, psychoneuroses og vondar neurites.

Einkennilegt var, hve veiki þessi lagðist afar létt á berklaveika. Veikin ágerðist ekkert og sjúklingur höfðu allir fremur lágan hita.

Hesteyri. Menn lágu með hita, höfuðverk og máttleysi í 1-3 daga og flestir náðu sér fljótt aftur.

Síða. Hiti var 38,5-40,2, stóð 3-6 daga. Höfuðverkur fylgdi og fremur létt kvef, sem batnaði fljótt aftur. Á einum sjúklingur kom tb. pulm. í ljós eftir veikina.

Eyrarbakki. Ein kona og 2 karlmenn fengu meningitis síðustu daga veikinnar og dóu. Ein kona fékk svipuð einkenni og lifði. — Tveir sjúklingur [96*] fengu mikinn icterus. — Inflúensulungnabólga kom stöku sinnum strax í byrjun veikinnar, oftast þó eftir 4-5 daga, er veikin var í rénun og sóttthiti að minka. Aldrei var því um að kenna, að menn hefðu farið á fætur eða óvarlega með sig. — Lungnabólga var venjulega með lobarisdeyfu og sput. rubigin., sjaldnar bronchopn. með lítill deyfu og engu rubig. sput. Pnev. croup, sá lækna aldrei á influensusjúklingi — Allmargir, sem léttast veiktust, fóru aldrei í rúmið og gegndu verkum sínum. Varð ekki meint við það. — Einn karlmaður fékk periost. ac. upp úr influensu.

Grímsnes. Margt fólk 60 ára og eldra slapp. — Sóttthiti á heimili lækni var 38,5-40,3. Þótt menn legðust fremur létt, voru margir 3-6 vikur að ná sér.

Þrjár konur ólu barn í Keflavík meðan influensan gekk. Heilsaðist vel. Ein fæddi fyrir tímann. Dó. Ein vanfær kona dó á Vatnsleysuströnd.

d) Þyngd veikinnar.

Manndauði. Reykjavík. 2,8% dóu, og er það hálfu meira en vant er. Á aldrinum 20-40 dó 5-falt fleira en að meðaltali undanfarið.

Fyrri faraldurinn, í júlí, var mjög léttur, og fylgdi honum enginn manndauði.

Síðari faraldurinn, spánka veikin, var skæð drepsótt. Hve margir dóu úr henni, er ekki að öllu víst. Eftir dánarvottorðum lækna dóu úr influensu og kvefsótt á árinu 213, en dánarvottorð vantar fyrir 45 manns. Af 107 mönnum, sem lágu í barnaskólanum, dóu 35 (32,7%), af 17 á franska spítalanum dóu 3 (17,6%).

Hafnarfjörður. Lagðist yfirleitt þungt á fólk. Þó dóu tiltölulega fáir, og flest af þeim veiklaðir áður.

Skipaskagi [Akranes og nágrenni]. Fyrri farsóttin, sem kom í ágúst, var væg. Margir leituðu ekki læknis, og voru á fótum, án þess að það hefði nein eftirköst. Enginn dó úr henni.

Síðari farsótt. Sjúklingur voru svo rænu- og bjargarlausir, að þeir náðu hvorki í vatn né neyttu meðala, þó þau stæðu hjá þeim. Sótt þessi var miklu illkynjaðri en influensan 1894. Hiti var hæstur 41,8°. — Upp til sveita var sóttin miklu vægari og líktist lítt pestinni í kaupúninu á Akranesi. — Sóttin var miklu svæsnari fyrir part mánaðarins. Þá var kuldi og norðan rok. Þegar hlýna tók í veðri, varð hún miklu mildari.

Mann dauði eftir aldri var þannig:

1 árs dó 1

15—65 dóu 14 (7 karlar, 7 konur)

yfir 65 — 4 (2 karlar, 2 konur)

Borgarfjörður. Sótt þessi (Spánarveikin) var litlu verri en hin fyrri influensa, kom harðast niður í margmenninu í skólunum, en sumstaðar var hún þó væg, þó fleiri veiktust samtímis. Var misþung, eftir því, hvaðan menn tóku veikina. Þar sem sóttin hafði borist utan úr Leirár- og Melasveit (þar var hún yfirleitt væg) var hún léttari en sú, sem borist hafði frá Reykjavík.

Stykkishólmur. Veikin var væg að öðru leyti en eftirköstunum.

Flateyrar. Þung á Suðureyri. 10 dóu, 1 kona lét fóstri og önnur dó, sem hafði nýlega alið barn. Húsakynni þar léleg. Í bestu húsunum þar kom veikin léttast niður. [97*]

Nauteyrar. Í Ögurhreppi var veikin væg (þung í Bolungarvík. Læknir sóttur þangað).

Hesteyrar. Misjafnlega þung. Væg í Sléttuhreppi og yfirleitt í héraðinu.

Síða. Yfirleitt væg.

Rangárvellir. Alls dóu í héraðinu 18 úr influensu, þar af 12 í Landprestakalli, 2-3 í Kálfholti og 3-4 annarsstaðar. Sóttin var skæð, meðfram vegna þess, að kalt var í veðri, en annir héldu mönnum lengi á ferli. 8% bókfærðra sjúklinga dóu.

Eyrbakki. 31 maður dó úr Spánarveiki í héraðinu. — Nálægt helmingi fleiri karlmenn fengu influensulungnabólgu en kvenmenn af þeim sjúklingum, er leituðu læknis, en þó dóu nálægt helmingi færri karlmenn.

Grímsneshreppur. Mjög þung á sumum heimilum, en annarsstaðar svo væg, að menn voru engan veginn vissir um, hvort það væri kvef eða influensa. Þyngst á fyrstu heimilunum. 16 dóu. Þyngst á fólki 16-45 ára. Börn upp að 10 ára sluppu létt.

Keflavík. Maður smitaðist í Hafnarfirði og lá þungt í viku. Annað heimili smitaðist af honum. Þar var veikin létt. Eftir að veikin breiddist út í Keflavík lagðist hún þyngst á fyrstu heimilin, en varð vægari, er lengra dró frá.

Í Grindavík var veikin þung (7 dóu). Var flutt frá Reykjavík, er veikin var nýbyrjuð þar.

Í Gerðahreppi var veikin þyngst (20 dóu, ca. 3%) íbúa. Flutt frá Reykjavík og Keflavík.

Á Vatnsleysuströnd var hún væg.

Veikin lagðist þyngst á aldurinn 20-40 ára. Börn og menn yfir 50 fengu hana væga eða ekki. — Veikin var ekki þyngri í lélegum húsakynnum en þeim, sem betri voru.

e) Varnir.

Reykjavík. Þegar influensa barst í fyrra sinn í miðjum júlí, með Jóni forseta, voru engar sóttvarnarráðstafanir gerðar.

Þann 19. október kom Villemoes frá U.S.A. [Bandaríkjunum] með þrjá menn sjúka. Skipið var sett til bráðabirgða í sóttkví, en heilbrigðisstjórnin ákvað að leyfa því frjálssar samgöngur.

Þann 20. október kom Botnía frá Kaupmannahöfn. Var þar aðeins einn maður sjúkur og þó svo lítilfjörlega, að hann var á fótum. Héraðslæknir hafði fyrirfram ráðgast við landlækni um, hvort skipið skyldi sóttkvíað, en hann taldi það ástæðulaust, úr því ætla mætti, að veikin væri þegar komin upp í bænum. Var því engum sóttvörnum beitt.

Þegar veikin dundi yfir, ritaði héraðslæknir (hann var þá lagstur) borgarstjóra, að setja upp áskorun á götum til heilbrigðs fólks, að gefa sig fram til hjálpar sjúkum. Þann 9. nóvember skipaði svo Stjórnarráðið hjúkrunarnefnd. Hún aflaði hjúkrunarfólks, leigði bifreiðar handa læknum, setti fastan læknavörð á nóttum, útvegaði ljósmæður, en á þeim var hinn mesti skortur, því allar lögðust nema ein, en margar konur fæddu eða leystist höfn í veikindunum. Nefndin sendi og menn um allan bæinn, til þess að líta eftir sjúkum og hjúkra þeim. Sjúkrastofur voru búnar út í barnaskólanum fyrir þá, sem þyngst voru haldnir eða verst höfðu húsakynninn. Hafði frú Bjarnhéðinsson umsjón með hjúkruninni til þess hún lagðist. Lágu alls 107 manns í barnaskólanum. Af þeim dóu 35. Læknir [98*] þessara sjúklinga var Þórður Sveinsson. Hann hafði þá meðferð, að sjúklingar lágu naktir í rúmunum, en ofnar voru kyntir sem mest. Lét hann sjúklinga svelta framan af og drekka mikið af soðnu vatni. Þó fengu nokkrir af þeim bæði lyf og léttu fæðu, svo ekki var allskostar eftir reglum þessum farið.

Afar erfitt var um tíma, að afgreiða lyf á lyfjabúðum, meðfram vegna þess, að starfsfólkið lagðist. Síðar varð nokkur skortur á lyfjum. Varð þá eingöngu að nota hitaskammta, brjóstsaft og kamfórumixtúru.

Eins og fyr er getið, var barnaskólum lokað og svo var og um aðra skóla, pósthús, símastöð, búðir o.fl. var lokað mestan hluta starfstímans meðan veikin geysaði. Var bærinn því að mestu sem útdauður um tíma.

Fólk var áminnt, að fara ekki upp í kirkjugarð við jarðarfarir. Skólar, samkomuhús og hús einstakra manna, þar sem veikin hafði verið mjög illkynjuð, voru sóttreinsuð.

Skipaskagi. Einstaka heimili vörðust sóttinni. Á einu heimili var mjólkurflaska sett á túngarðinn, handa þeim, sem um veginn fóru, og kallað til þeirra, að fá sér mjólk, ef þeir vildu. Flöskuna tóku svo heimamenn aftur og kom það aldrei að sök, þó úr henni hefði verið drukkið. Ennfremur var tekið á móti bréfi frá sýktu heimili, án þess að sakaði.

Dalir. Dalasýsla var einangruð, verðir settir og flutningum skipað svo, að sem minnst hætta stafaði af. Veikin var ókomin í febrúarlok.

Reykhólar. Læknir var mótfallinn sóttvörn gegn influensu, en þegar fréttirnar bárust að sunnan, sóttkvíaði hreppstjórinn Geiradal. Síðar var Reykhóla- og Gufudalshreppur sóttkvíaður.

Flateyjar. Þann 13. nóvember var eyjahluti Flateyjarhéraðs einangraður vegna influensu. Veikin ókomin við árslok.

Patreksfjörður. Héraðið hefir að nokkru leyti verið varið fyrir influensu síðan í nóvember.

Bíldudalur. Þann 25. nóvember var héraðið sóttkvíað gegn influensu, en jafnframt gerðar ráðstafanir til þess að taka á móti pestinni, hjúkrunarfólk ráðið o.fl., þó ekki þyrfti til þess að taka. Bátar komu hingað úr Reykjavík með menn nýstaðna upp úr veikinni. Þeim var leyft að leggjast að bryggju og vörður látinn gæta þess, að þeir hefðu engin mök við menn í landi. Vörum úr bátunum veittu menn móttöku á bryggju og sakaði ekki. Við póstflutning var skift um menn á ákveðnum stað, en smitun hlaust ekki af póstflutningnum, þó ekki væri hann sóttreinsaður. Veikin stöðvaðist við varnirnar.

Flateyri. Tveir bæir í Önundarfirði hafa algerlega sóttkvíað sig, einnig nokkrir í Súgandafirði.

Nauteyrar. Helmingur heimilismanna á einum bæ i Nauteyrahreppi slapp við veikina. Svaf í öðru herbergi en sjúklingur.

Svarfaðardalur. Nokkur viðbúnaður var til þess að taka móti sóttinni, þó ekki þyrfti á að halda.

Akureyri. Sóttvörn var hafin gegn influensu um miðjan nóvember. Skipum leyft að ferma og afferma með eigin mannafla. Póstar gengu með varúð, er skift var um pósta á Stað í Hrútafirði. Menn voru mjög hræddir við veikina og voru strangari við afgreiðslu skipa en nauðsyn krafði. Héraðið slapp algerlega við hana.

Seyðisfjörður. Inflúensuhræðslan var afskapleg. Bæjarstjórn með oddvita Seyðisfjarðarhrepss [99*] gerði ýmsar ráðstafanir, en skeytti í engu um sóttvarnarnefnd.

Berufjörður. Læknir setti á samgöngubann við héraðið, en stjórnin félst ekki á að einangra þannig sérstök héruð, svo bannið var afnumið.

Síða. Samgönguvarúð við eitt heimili kom að fullum notum.

Mýrdalshreppur. Strangt samgöngubann var sett við Jökulsá á Sólheimasandi, þegar fréttist um influensu í Reykjavík.

Rangárhérað. Þegar varnir voru teknar upp, var veikin komin í alla hreppa sýslunnar nema Vestur-Eyjafjallahrepp. Hann var einangraður alveg, en hinum gefnar leiðbeiningar um varnir. Menn tóku þessu misjafnlega og töldu ógerning að verjast. Þó breiddist veikin lítt út eftir þetta og manndauðinn hætti alveg.

Eyrarbakki. Engum vörnum var haldið uppi gegn Spánarveikinni, en allmargir bæir vörðust öllum samgöngum og sluppu.

Grímsnes. Sum heimili einangruðu sig og tókst vel. Sérstaklega voru það Biskupstungur og Hrunamannahreppur, sem beittu sóttvörnum.

Keflavík. Sextugir foreldrar stunduðu sjúkan mann í viku, en bróðir mannsins forðaðist samgöngur við sjúklinginn. Enginn smitaðist.

Miðfjörður. Veikin barst að sunnan á nokkra bæi í Hnútafirði og Miðfirði, en þar stöðvaði héraðslæknir hana með strangri sóttvörn.

Hagtíðindi Greinargerðir
Statistical Series *Working papers*

105. árg. • 2. tbl.

ISSN 1670-4770

27. apríl 2020

Umsjón *Supervision* Magnús S. Magnússon • Magnus.Magnusson@Hagstofa.is

www.hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.